



Líftrygging

Vátryggingarskilmálar nr. LI31

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. LI 31.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Váttryggjandi er Líftryggingarfélag Íslands hf.

Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Réttthafar
3. Váttryggingin gildir
4. Upphaf og lok ábyrgðar
5. Bótasvið
6. Váttryggingarfjárhæð
7. Upplýsingaskylda við gerð váttryggingarsamnings
8. Áhættubreyting
9. Útreikningur iðgjalds
10. Greiðsla iðgjalds
11. Endurgreiðsla iðgjalds
12. Iðgjaldafrelsi vegna missis starfsorku
13. Skuldajöfnun
14. Uppsögn á váttryggingartímabili
15. Tilkynning um váttryggingaratburð
16. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta
17. Svíksamleg háttsemi
18. Krafa um bætur
19. Vextir af bótafjárhæð
20. Fyrning
21. Endurkaup
22. Ágóðahlutdeild
23. Veðsetning
24. Framsal
25. Tilkynning um aðsetursskipti
26. Gjaldmiðill
27. Meðferð ágreiningsmála
28. Varnarþing

1. Váttryggður

- 1.1. Váttryggður er sá sem nefndur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2. Meðváttryggð eru börn váttryggðs, auk stjúp- og fósturbarna hans sem eiga sama lögheimili og búa á sama stað og váttryggður.

2. Réttthafar

- 2.1 Réttthafi er sá sem á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið. Váttryggingartaki getur tilnefnt einn eða fleiri réttthafa að váttryggingarfjárhæð. Ef váttryggingartaki tilnefnir engan réttthafa rennur váttryggingarfjárhæðin til maka hans. Ef maki er ekki til staðar fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 2.2 Þegar um er að ræða andlát barns váttryggðs, auk stjúp- og fósturbarna hans, greiðast bætur til hans. Greiðsla bóta samkvæmt þessari grein hefur ekki áhrif á váttryggingu váttryggðs.

3. Váttryggingin gildir

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

4. Upphaf og lok ábyrgðar

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið fullbúna umsókn um líftryggingu, að því tilskyldu að heilsa umsækjanda standist áhættumat félagsins. Félagið ber ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað á því tímamarki sem umsókn var send ef þessi atvik hefðu komið í ljós við athugun félagsins og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað. Vátryggingin endurnýjast árlega, þó ekki lengur en til sjötíu ára aldurs hins vátryggða.

5. Bótasvið

- 5.1 Félagið greiðir bætur vegna andláts vátryggðs.
- 5.2 Hafi vátryggður framið sjálfsvíg ber félagið ábyrgð ef meira en ár hefur liðið frá því að ábyrgð þess hófst eða telja má sannað að vátryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.
- 5.3 Félagið greiðir ekki bætur vegna andláts barns vátryggðs, auk stjúp- og fósturbarna hans, sem rekja má beint eða óbeint til ástands þess fyrir gildistöku vátryggingarinnar og vátryggður vissi um eða mátti vita um. Með sama hætti greiðast ekki bætur vegna andláts barns vátryggðs, auk stjúp- og fósturbarna hans, sem rekja má til ástands barns fyrir þann tíma er vátrygging tekur gildi, sbr. c. lið 1. mgr. 86. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, enda aflar félagið ekki upplýsinga um heilsufar barnsins. Um kjörbörn gildir enn fremur að félagið er ekki bótaskyld ef hægt er að rekja andlát til ástands sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.

6. Vátryggingarfjárhæð

- 6.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.2 Vátryggingarfjárhæðin er háð aldri vátryggðs. Frá 54 ára aldri lækkar hún einu sinni á ári í samræmi við gildandi iðgjaldatöflu félagsins, þ.e. kl. 0.00 á fyrsta degi hvers vátryggingartímabils.
- 6.3 Ef barn vátryggðs, lifandi fætt og yngra en 18 ára, andast á vátryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur að hámarki kr. 1.000.000,- (miðað við vísitölu neysluverðs 364,1 stig) vegna tiltekins barns, jafnvel þó að í gildi séu hjá félaginu fleiri en ein líftrygging þar sem bótaréttur er til staðar.
- 6.4 Vátryggingarfjárhæðin hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Lækki vísitala neysluverðs hefur það ekki áhrif til lækkunar á vátryggingarfjárhæð.

7. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings

- 7.1 Vátryggingartaki, eða eftir atvikum vátryggður, skal veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir við gerð vátryggingarsamnings. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.
- 7.2 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína ber félagið ekki ábyrgð.
- 7.3 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.

8. Áhættubreyting

Tilkynna ber tafarlaust til félagsins sérhverja breytingu sem getur haft áhrif á áhættu félagsins, svo sem varðandi reykingar eða sérstaka áhættu tengda starfi eða tómsundum, t.d. einka- og sviffflug, svifdrekaflug, fjallaklifur, köfun og akstursíþróttir. Einnig ber að tilkynna félaginu ef ferðast er til landa þar sem stríð geisar. Láti vátryggingartaki eða vátryggður hjá líða að tilkynna félaginu um áhættubreytingu getur það valdið lækkun bóta, sbr. 88. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Útreikningur iðgjalds

- 9.1 Iðgjald vátryggingarinnar er háð aldri og því hvort vátryggður reykir eða stundar atvinnu eða tómsundaiðju sem sérstök áhætta fylgir. Einnig hafa ferðir til landa þar sem stríð geisar áhrif á iðgjaldið.
- 9.2 Iðgjald vátryggingarinnar breytist við endurnýjun í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs. Hækki vátryggingarfjárhæð um meira en 35% innan hvers árs vegna hækkunar vísitölu neysluverðs, áskilur félagið sér rétt til innheimtu viðbótariðgjalds vegna hækkunar umfram það mark.
- 9.3 Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum.

10. Greiðsla iðgjalds

- 10.1 Fyrsta iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.
- 10.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi eða niðurfellingu váttryggingarsamningsins, sbr. 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 10.3 Falli ábyrgð félagsins niður vegna vanskila eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið minnsta má endurvekja váttrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangaldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin féll niður.

11. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda váttryggingarfjárhæð.

12. Iðgjaldafrelsi vegna missis starfsorku

- 12.1 Hafi váttryggður misst starfsorku sína eða hún skerst um a.m.k. helming öðlast hann rétt til iðgjaldafrelsis þann tíma sem starfsorkumissirinn varir umfram þrjá mánuði. Iðgjaldafrelsi er ekki veitt til lengri tíma en eins árs aftur í tímann frá því að beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu.
- 12.2 Alger starfsorkumissir veitir rétt til fulls iðgjaldafrelsis og skerðing starfsorku um 50% eða meira til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalds. Váttryggður öðlast þó ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan hefur skerst vegna misnotkunar áfengis, ávana- eða fíkniefna eða stafar af tilraun til sjálfsvígs innan eins árs frá töku váttryggingarinnar.
- 12.3 Beiðni um iðgjaldafrelsi skal vera skrifleg. Henni þurfa að fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi ber að leggja hæfni váttryggðs til þess að gegna fyrri starfi sínu og möguleika til annarra starfa.
- 12.4 Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða fullu. Félagið getur ávallt krafist upplýsinga um heilsufar hans meðan hann nýtur iðgjaldafrelsis svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.
- 12.5 Félagið tilkynnir váttryggða skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

13. Skuldajöfnun

Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn váttryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 122. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

14. Uppsögn á váttryggingartímabili

- 14.1 Félagið getur sagt upp váttryggingunni:
 - 14.1.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
 - 14.1.2 Fyrirvaralaust ef váttryggingartaki hefur svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 14.2 Félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sem það hefur gert við váttryggingartaka ef hann hefur svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína.
- 14.3 Váttryggingartaki getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.

15. Tilkynning um váttryggingaratburð

Þegar váttryggingaratburður hefur orðið skal réttthafi skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

16. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta

- 16.1 Við uppgjör bóta skal sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.
- 16.2 Ef sá sem á kröfu á hendur félaginu, veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur hann þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

17. Svíksamleg háttsemi

Sá sem viðhefur svíksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt váttryggingarsamningi. Sé um fleiri váttryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama váttryggingaratburðar, sbr. 83. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

18. Krafa um bætur

Réttthafi getur krafist greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út fjárhæð bótanna, sbr. 121. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

19. Vextir af bótafjárhæð

Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

20. Fyrning

Krafa um váttryggingarfjárhæð fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

21. Endurkaup

Váttrygging þessi hefur ekki endurkaupsverð.

22. Ágóðahlutdeild

Váttryggingartaki á rétt til ágóðahlutdeildar eftir þeim reglum sem félagið setur um það efni.

23. Veðsetning

Heimilt er að veðsetja váttryggingu þessa, sbr. 107. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Veðsetningu ber að tilkynna félaginu sem skráir hana í líftryggingaskrá.

24. Framsal

Heimilt er að framselja réttindi samkvæmt váttryggingu þessari, sbr. 106. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Framsalið ber að tilkynna félaginu sem skráir það í líftryggingaskrá.

25. Tilkynning um aðsetursskipti

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flyst búferlum.

26. Gjaldmiðill

Allar fjárhæðir er varða váttryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

27. Meðferð ágreiningsmála

- 27.1 Heimilt er að leggja ágreining við félagið fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 27.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum má skjóta til dómstóla.

28. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins er bundið þagnar- og trúnaðarskyldu við hvers konar vinnslu persónuupplýsinga og öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim. Í reglum um vinnslu persónuupplýsinga á heimasíðu félagsins, vis.is er að finna nánari upplýsingar um vinnsluna, þ.á.m. um það hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, í hvaða tilgangi og á grundvelli hvaða heimilda, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar og hvaða réttindi viðskiptavinir hafa varðandi vinnslu félagsins á slíkum upplýsingum.

29. Varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.